



Safnaðartíðindi

Seljasóknar

36. ÁRG. 2. TBL. Aðventa og jól 2015



Seljakirkja í vetrarbúningi

**Kynnið ykkur
fjölbreytta dagskrá
um aðventu, jól og
áramót í Seljakirkju**

Birta aðventu og jóla

Nú fer í hönd bjartasti tími ársins þegar við lýsum upp heimili okkar og umhverfi með björtum og glitrandi ljósum. Hvarvetna má sjá ljós í gluggum og görðum sem fanga augað, lýsa okkur og gleðja. En það eru ekki aðeins jólaljósín sem færa þessum árstíma birtu, því boðskapur aðventu og jóla er gleðiþoðskapurinn mikli að sonur Guðs fæddist inn í þennan heim. Hann er hið sanna ljós sem færir okkur birtu sína og yl. Og það er í því ljósi sem gleðin býr og kærleikurinn fær að skína, sem einnig er svo áberandi allt í kringum okkur í jólamánuðinum. Jafnvel þegar jólaösin og

annirnar eru sem mestar, mætum við hjálpsemi, góðmennsku og gleði í samfélaginu. Fjölskyldur njóta samverustunda sem einnig eykur birtuna og blessunina allt í kringum okkur. Með gleði, kærleika og umhyggju upplýsum við þannig einnig kirkjuna um aðventu og jól. Það er því bjart framundan í fjölbreyttu helgihaldi og samverustundum í kirkjunni þar sem fagnaðarboðskapurinn ræður ríkjum. Guð gefi blessunarríka aðventu og gleðileg jól.

Bryndís Malla Elíðóttir



Fyrsti sunnudagur í aðventu:

Fjölbreytt dagskrá á aðventukvöldi

Það er hátíðlegt að koma til kirkju á fyrsta sunnudegi í aðventu. Að venju hefst dagurinn með barnaguðsþjónustu kl. 11 þar sem kveikt verður á spádómskertinu og dreift verður söfnunarbaukum frá Hjálparstarfi kirkjunnar. Almenn guðsþjónusta hefst kl. 14 þar sem sr. Bryndís Malla Elíóttir prédikar og þjónar fyrir altari. Um kvöldið verður svo aðventukvöld kl. 20 þar sem dagskráin er einkar fjölbreytt.

Barnakórinn syngur jólalög

undir stjórn Rósalindar Gísladóttur og Börkur Vígbórsson, skólastjóri Ölduselsskóla, flytur hugleiðingu. Jón Símon Gunnarsson leikari les jólasögu og einnig mun Kór Seljakirkju flytja skemmtilega jólasýrpu en stjórnandi kórsins er Tómas Guðni Eggertsson. Þá munu Seljurnar syngja nokkur lög undir stjórn Svövu Kristínar Ingólfssdóttur. Kvöldinu lýkur síðan með heitu súkkulaði og smákökum. Njótum þess að koma saman og eiga góða stund í upphafi aðventu.

Annar sunnudagur í aðventu:

Í nánd jóla með Ragnheiði Gröndal

Á öðrum sunnudegi aðventunnar, 6. desember verður kveikt á Betlehems-kertinu. Barnaguðsþjónusta verður að venju kl. 11 og almenn guðsþjónusta kl. 14 þar sem sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar. Á síðasta ári var haldin í kirkjunni ljúf kvöldstund á þessum degi sem nefnd var „í nánd jóla.“ Vel

þótti til takast og því ákveðið að festa þennan sið í sessi. Að þessu sinni mun söngkonan Ragnheiður Gröndal syngja fyrir okkur ljúfar jólaperlur við undirleik þekktra tónlistarmanna. Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson mun flytja hugvekju með léttu yfirbragði. Stundin hefst kl. 20 og að sjálfsögðu er aðgangur ókeypis.

Jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar

Jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar er fólgin í því að sendar eru kröfur í heimabanka. Helmingurinn rennur til vatnsverkefna í Afríku og helmingurinn til aðstoðar innanlands. Fyrir utan að greiða heimsenda gíróseðla er hægt að fara á framlag.is og velja

málefnið sem gjöfin á að renna til eða gefa gjafabréf í jólagjöf á gjofsemgefur.is. Jafnframt má benda á að gömlu góðu söfnunarbaukana sem er hægt að fá í Seljakirkju og þeim er svo safnað saman í barnaguðsþjónustu fjórða sunnudag í aðventu.

Vegleg gjöf kvenfélagsins

Starf kvenfélags Seljasóknar hefur verið í miklum blóma í vetur. Félagið heldur fundi fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 19:30 með fjölbreyttri dagskrá og veglegu veisluborði. 1. desember verður jólafundur félagsins sem alltaf er mjög hátíðlegur. Frá upphafi hefur félagið stutt á margvíslegan hátt við bæði starf kirkjunnar og ýmis félagasamtök og leggur þannig sitt af mörkum til þeirra sem á einhvern hátt þurfa á stuðningi að halda. Í ár færði kvenfélagið krabbameinsdeild Landspítalans 900.000 kr. að gjöf til tækjakaupa. Kvenfélagið tekur fagnandi á móti nýjum konum en formaður félagsins er Eygló Ingvarsdóttir.

Fermingarbörn söfnuðu fyrir hjálparstarf

Fermingarbörn vetrarins tóku þátt í vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar með því að ganga í hús í hverfinu og safna svo hægt sé að byggja fleiri vatnsbrunna í Afríku. Þau söfnuðu tæplega 380.000 kr. sem er besti árangurinn til þessa. Það er gott að geta lagt sitt af mörkum og eru öllum þeim sem tóku vel á móti þeim færðar þakkir fyrir framlagið.



Kór Seljakirkju stækkar

Nýjir kórfélagar hafa verið að bætast við kirkjukórinn í allt haust sem mun efla enn frekar starf kórsins. Í vetur eru fjölbreytt verkefni framundan hjá kórnum sem mun meðal annars taka þátt í aðventukvöldi safnaðarins. Eftir áramót verður stefnt að tónleikum, samsöng og öflugum æfingum, en aðal verkefni kórsins er að syngja við guðsþjónustur safnaðarins. Kórinn er enn að stækka og er áhugasömum bent á að hafa samband við stjórnanda kórsins Tómas Guðna Eggertsson.

Bænastundir alla fimmtudaga

Fyrirbænastundir eru í allan vetur á fimmtudögum kl. 11:30. Þær eru notalegar stundir þar sem lesið er úr Biblíunni og orð hennar íhuguð. Síðan er beðið fyrir bænarefnum dagsins en prestar kirkjunnar taka á móti fyrirbænarefnum bæði á sjálfri stundinni og í síma kirkjunnar 567 0110. Að stundinni lokinni er boðið upp á súpu og brauð og oft slegið á létta strengi. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Þriðji sunnudagur í aðventu:

Tónleikar með Fóstbræðrum

Á þriðja sunnudegi í aðventu, 13. desember verður kveikt á hirðakertinu á aðventukransinum. Við hefjum daginn með barnaguðsþjónustu kl. 11 þar sem Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts mun spila undir stjórn Snorra Heimissonar. Guðsþjónusta dagsins hefst að venju kl. 14 og mun sr. Bryndís Malla Elíadóttir prédika. Síðar sama dag er svo komið að hinum árlegu aðventutónleikum

Karлакórsins Fóstbræðra sem hefjast kl. 17.

Það er orðinn fastur liður hjá mörgum að njóta aðventutónleika Fóstbræðra á þriðja sunnudegi aðventunnar. Stjórnandi kórsins er sem fyrr Árni Harðarson og að þessu sinni mun Auður Gunnarsdóttir syngja einsöng, meðleikari með kórnum er Tómas Guðni Eggertsson. Tónleikarnir eru ókeypis og eru allir hjartanlega velkomnir.

Fjórði sunnudagur í aðventu:

Jólaball að lokinni barnamessu

Síðasta sunnudag aðventunnar verðu tendrað á englakertinu. Að þessu sinni verður barnaguðsþjónustan með heldur óvenjulegu sniði. Við komum saman í kirkjunni kl. 11, þar sem við syngjum jólasöngva, skilum baukunum til Hjálparstarfs kirkjunnar og eigum saman helgistund, en að því loknu verður slegið upp

jólaballi í safnaðarheimili kirkjunnar, þar sem dansað verður í kringum jólatréð og jólasveinarnir mæta á svæðið og gefa börnunum nammipoka. Tómas organisti spilar á pianóið og Erla Björg leiðir sönginn. Að venju verður svo guðsþjónusta kl. 14 þar sem sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar og þjónar fyrir altari.

Hvenær hefst starfið eftir áramót

Að venju fara flestir liðir safnaðarstarfsins í frí yfir jól og áramót. **Foreldramorgnar** halda sinn fyrsta fund á nýju ári þriðjudaginn 5. janúar. **Fyrsta barnaguðsþjónusta** nýs árs verður sunnudaginn 10. janúar og barnakórinn hefur sína starfsemi miðvikudaginn 11. janúar.

Þriðjudaginn 12. janúar hefst **barnastarf fyrir 6 - 9 ára, KFUM & KFUK** sem og **æskulýðsfélagið Sela**. Fyrstu kennslutímar **fermingarfræðslunnar** verða 12. og 13. janúar og fyrsti fundur **kvenfélagsins** á nýju ári verður þriðjudaginn 19. janúar.

Guðspjónustur í Seljakirkju um jól og áramót

24. desember aðfangadagur jóla

- kl. 11 Guðspjónusta í Seljahlíð
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Kór Seljakirkju syngur.
- kl. 15 Beðið eftir jólunum
Jólastund fyrir börnin.
Barnakór Seljakirkju syngur og umsjón með
stundinni hafa prestarnir og Erla Björk Káradóttir.
- kl. 18 Aftansöngur
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Schola Cantorum syngur.
Leikin verður jólatónlist frá kl. 17.30.
- kl. 23:30 Miðnæturguðspjónusta
Sr. Bryndís Malla Elidóttir prédikar.
Kór Seljakirkju syngur.
Disella Lárusdóttir syngur einsöng.

25. desember jóladagur

- kl. 14 Hátíðarguðspjónusta
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Kór Seljakirkju syngur.
- kl. 16 Guðspjónusta í Skógarbæ
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Kór Seljakirkju syngur.

31. desember gamlársdagur

- kl. 18 Aftansöngur
Sr. Bryndís Malla Elidóttir prédikar.
Kór Seljakirkju syngur.
Erla Björg Káradóttir syngur einsöng.

1. janúar nýársdagur

- kl. 14 Guðspjónusta - Altarisinganga
Sr. Bryndís Malla Elidóttir prédikar.
Kór Seljakirkju syngur.
- Kl. 16 Guðspjónusta í Skógarbæ
Sr. Bryndís Malla Elidóttir prédikar.
Félagar úr Kór Seljakirkju leiða söng.

Organisti við guðspjónusturnar er Tómas Guðni Eggertsson

Nóttin var sú ágæt ein,
í allri veröld ljósið skein,
það er nú heimsins þrúartarmein
að þekkjá' hann ei sem bæri.
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

Í Betlehem var það barnið fætt,
sem best hefur andar sárin grætt,
svo hafa englar um það rætt
sem endurlausnarinn væri.
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

Fjármenn hreptu fögnuð þann,
þeir fundu bæði Guð og mann,
í lágan stall var lagður hann,
þó lausnarinn heimsins væri.
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

Lofið og dýrð á himnum hátt
honum með englum syngjum þrátt,
friður á jörðu og fengin sátt,
fagni því menn sem bæri.
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

Þér gjöri' eg ei rúm með grjót né tré,
gjarnan læt ég hitt í té,
vil ég mitt hjartað vaggan sé,
vertu nú hér, minn kæri.
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

Umbúð verður engin hér
önnur en sú þú færðir mér,
hreina trúna að höfði þér
fyrir hægán koddann færi.
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

Á þig breiðist elskan sæt,
af öllum huga' eg syndir grætt,
fyrir iðran verður hún mjúk og mætt,
miður en þér þó bæri.
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

Einar Sigurðsson - sb. 72



Safnaðartíðindi Seljasóknar
36. árg. 2. töl. Aðventa og jól 2015
Seljakirkja
v/Raufarsel 109 Reykjavík, s: 567 0110
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
Útlitshönnun: Gisli B. Björnsson
Umbrot: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
Prentun: Svansprent hf.
Upplag: 3000 eintök.